



**96. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, þriðjudaginn 3.
október 2023
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

Fundargerð ritaði: Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

Dagskrá:

1. 202301003 - Fjármál 2023

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð beinir því til sveitarstjórnar Múlapings að samþykkt verði eftirfarandi bókun: Sveitarstjórn Múlapings samþykkir hér með að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarlánstöku HEF Veitna ehf. kt. 470605-1110 hjá Arionbanka hf. að fjárhæð kr. 500.000.000 og gildi til 1.apríl 2025. Er sjálfskuldarábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir veitunnar á starfsvæði Múlapings. Sveitarstjórn Múlapings skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda HEF Veitna til að breyta ekki ákvæði samþykpta félagsins um tilgang eða sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila. Fari svo að eignarhlutur sveitarfélagsins verði seldur til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta, verði það ekki greitt upp. Jafnframt er Birni Ingimarssyni sveitarstjóra kt. 301254-4079 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Múlapings veitingu ofangreindrar ábyrgðar

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. 202306001 - Fjárhagsáætlun Múlapings 2024 - 2027

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir stöðu vinnu fjárhagsáætlunar Múlapings 2024 og þriggja ára áætlunar 2025 til 2027 á grundvelli rammaáætlunar sem samþykkt var af sveitarstjórn 14. júní 2023.

3. 202309125 - Fundur björgunarsveita í Múlapingi og byggðaráðs



Inn á fundinn mættu fulltrúar björgunarsveita í Múlaþingi og gerðu grein fyrir starfsemi þeirra í samræmi við ákvæði er fram koma í 5. gr. samstarfssamnings á milli aðila dags. 5. janúar 2022.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Agnar Benediktsson, Helgi Haraldsson, Ingi Ragnarsson og Kjartan Benediktsson. - 10:15

4. 202308124 - Fjarðarborg 50 ára

Í upphafi þessarar liðar vék Helgi Hlynur Ásgrímsson af fundi, kom inn aftur undir öðrum liðum.

Fyrir liggur erindi frá verkefnisstjóra Betri Borgarfjarðar og fulltrúa Já Sæll ehf. varðandi mögulega styrkveitingu viðburða sem stendur til að halda vegna 50 ára afmælis Fjarðarborgar á Borgarfirði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að styrkja viðburði sem stendur til að halda í tilefni 50 ára afmælis Fjarðarborgar á Borgarfirði um 500.000,- kr. sem skal tekið af lið 21810 og er fjármálastjóra falið að sjá um greiðslu framlagsins

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

5. 202309098 - Fyrirhuguð lokun bolfiskvinnslu á Seyðisfirði

Sveitarstjóri upplýsti um að fyrir lægi tilnefning frá Austurbrú á fulltrúa í samráðshóp um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði og fór yfir framkomnar hugmyndir að atvinnustarfsemi til framtíðar. Tvær tillögur hafa borist frá utanaðkomandi aðilum og ein frá fulltrúum M-listans í Múlaþingi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Sveitarstjóra falið að óska eftir tilnefningum fulltrúa í samráðshóp um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði frá heimastjórn Seyðisfjarðar og Síldarvinnslunni. Er tilnefningar liggja fyrir er sveitarstjóra falið að kalla hópinn saman. Framkomnum hugmyndum að atvinnuskapandi starfsemi verði vísað til starfshópsins til umfjöllunar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202309119 - Reglur um íbúakosningar hjá Múlaþingi

Fyrir liggur minnisblað frá skrifstofustjóra varðandi reglur um framkvæmd íbúakosninga í Múlaþingi. Inn á fundinn undir þessum lið komu Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri, og Aron Thorarensen, lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi Múlaþings.

Í vinnslu.

Gestir



Óðinn Gunnar Óðinsson og Aron Thorarensen - 11:15

7. 202309202 - Ungmennalandsmót UMFÍ 2025

Fyrir liggur ósk frá UÍA um samstarf til að halda Unglingalandsmót UMFÍ 2025 á Egilsstöðum og nágrenni dagana 31. júlí til 3. ágúst 2025

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að Múlaþing verði í samstarfi við UÍA um umsókn vegna Unglingalandsmóts 2025 og vísar málinu til sveitarstjórnar til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

8. 202304033 - Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2023

Fyrir liggur fundargerð aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 19.09.2023.

Lagt fram til kynningar.

9. 202303138 - Fundagerð stjórnar skólaskrifstofu Austurlands 2023

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands, dags. 18.09.2023.

Lagt fram til kynningar.

10. 202308123 - Aðalfundur samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum,SSKS 2023

Fyrir liggur fundargerð ársfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 22.09.2023.

Lagt fram til kynningar.

11. 202309206 - Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028. 182. mál.

Fyrir liggur til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga 182.mál.

Lagt fram til kynningar.

12. 202309207 - Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, nr.1182016 (lántökuskilyrði vegna íbúðafjárfestinga).

Fyrir liggur til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda 171.mál.

Lagt fram til kynningar



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:15

